



Reykjavík, 15. júlí 2002.

Nefndasvið Alþingis,  
Heilbrigðis- og trygginganefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.

**Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál.**

Óskað hefur verið umsagnar Árvekni um ofangreint frumvarp. Tilgangur frumvarpsins er að efla lýðheilsu með stofnun Lýðheilsustöðvar. Jafnframt yrðu lögbundin ráð sem starfa á þessu sviði, þ. e. áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð lögð niður og verkefni þeirra færast til Lýðheilsustöðvar. Einnig er gert ráð fyrir að önnur forvarnarverkefni á vegum hins opinbera muni starfa innan hennar.

Stjórn Árvekni vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Fagnað er öllum aðgerðum sem stuðlað geta að auknum og markvissari forvörnum. Minnt er á að Alþingi hefur með heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og með þingsályktun um málefni barna og unglinga sett ýmis forvarnarverkefni, t. d. slysavarnir, í forgang. Stofnun Lýðheilsustöðvar gæti orðið mikilvæg aðgerð til forvarna ef vel tekst til. Ef koma á á fót sérstakri stofnun á vegum ríkisins til að sinna þessum málaflokki þarf slík stofnun að taka til sem flestra þátta sem að málafloknum snúa og vera í nánum tengslum við þá fjölmörgu aðila sem vinna að og tengjast lýðheilsu. Einnig þarf stofnunin að vera öflug og lagarammi hennar slíkur að ábendingar stofnunarinnar verði ekki hundsáðar. Stjórn Árvekni telur því koma til greina að gera verksvið Lýðheilsustöðvar viðtækara með því að hún komi að, sé umsagnaraðili um eða hafi áhrif á fleiri þætti en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Má þar nefna skipulagsmál, umferðarmál, vöruöryggismál, eftirlit með innflutningi vöru, öryggisvottun vöru sem framleidd er hér á landi o. fl. Einnig að Lýðheilsustöðin sé ráðgefandi um hönnun og öryggismál í byggingum, t. d. skólum, verslunarhúsnæði, leiksvæðum og á heimilum, sé umsagnaraðili um skipulag umferðar og hönnun umferðarmannvirkja, sjái um úttekt m. t. t. öryggismála og gefi út starfsleyfi fyrir rekstur eða starfsemi af ýmsu tagi. Ljóst er að breytingar af þessu tagi tækju langan tíma og krefðust mikillar umræðu. Ef ekki er tími eða vilji nú til að gera verulegar skipulagsbreytingar svipað og að ofan er lýst, heldur aðeins að setja núverandi forvarnarverkefni undir einn hatt, telur Árvekni fullt eins vænlegt til árangurs að skilgreina lýðheilsusvið innan Landlæknisembættisins sem hefði slíka samræmingu með höndum. Starfsemi af


Þessu tagi virðist falla vel að hlutverki og starfsemi Landlæknisembættisins eins og það er skilgreint í nágildandi lögum og reglugerðum.

2. Ef uppbygging og starfsemi Lýðheilsustöðvar verður svipuð og gert er ráð fyrir í frumvarpinu telur Árvekni mikilvægt að þar sé lögð áhersla á slysavarnir barna og unglinga, enda í samræmi við ályktanir Alþingis. Slysa á börnum hafa til skamms tíma verið algengari hér á landi en í nágrannalöndunum. Auk þess að koma í veg fyrir þjáningar fórnarlamba slysa og aðstandenda þeirra er fækkun slysa augljóslega þjóðhagslega hagkvæm. Samkvæmt erlendum rannsóknum skilar hver króna sem sett er í slysavarnir þessa aldurshóps sér margfalt. Slysavarnir barna og unglinga taka til mjög margra málaflokka sem heyra undir mismunandi ráðuneyti og eru að ýmsu leyti flóknara viðfangsefni en annarra aldurshópa. Árvekni var upphaflega 3 ára átaksverkefni en hefur nú starfað í rúmlega 4 ár, fyrst og fremst vegna þess að þörfin fyrir þessa starfsemi hefur verið augljós. Starfsemi Árvekni hefur verið mjög víðtæk: Skilgreind hafa verið markmið í slysavörnum þessa aldurshóps, leiðir til að ná þeim og hlutverk mismunandi aðila. Samvinna hefur verið við fjölmargar stofnanir og félög sem tengjast slysavörnum eða hafa með börn að gera. Farið hefur verið yfir lög og reglugerðir og reynt að fá fram úrbætur. Sett hefur verið á stofn heimasíða sem verður þróuð áfram. Almennur hefur getað hringt á skrifstofu Árvekni til að fá upplýsingar eða tilkynna um slysa og slysaágang. Stundaðar hafa verið slysarannsóknir í samvinnu við aðra og er ætlunin að reyna að auka þennan þátt eins og kostur er. Alþjóðleg samvinna hefur verið vaxandi, sérstaklega við önnur Norðurlönd. Starf Árvekni er þegar farið að vekja athygli í nágrannalöndum okkar, sem sést m. a. á tíðum boðum um fyrirlestrahald. Ýmsa aðra þætti mætti nefna sem dæmi um það starf sem farið hefur fram á vegum Árvekni. Í viðræðum við heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneyti, sem Árvekni heyrir undir, hefur af okkar hálfu verið lögð rík áhersla á að þessi starfsemi haldi áfram þannig að sú reynsla og þekking sem safnast hefur glatt ekki. Stjórn Árvekni telur því eðlilegt að starfsemi sú sem farið hefur fram á vegum Árvekni haldi áfram sem sjálfstæð eining innan Lýðheilsustöðvar og verði eitt af sérfræðiráðum hennar, sbr. 4. og 5. grein. Þannig yrði best tryggt að starf Árvekni geti haldið áfram og þróast.
3. Samkvæmt frumvarpinu eiga fjárveitingar þeirra forvarnaverkefna sem færast til Lýðheilsustöðvar að fylgja með. Gert er ráð fyrir 18 milljónum í viðbót sem að mestu virðast fara í stofnkostnað og að greiða fyrir nýjar stjórnunarstöður. Er því í raun ekki um auknar fjárveitingar að ræða til forvarnastarfs. Í þjóðfélaginu hefur undanfarið mikið verið fjallað um tíð umferðarslysa, áfengis- og vímuefnavanda unglinga og marga aðra málaflokka þar sem þörf er á kröftugum og markvissum aðgerðum. Því hefði verið við hæfi að leggja til í þessu frumvarpi stórauknar fjárveitingar til forvarna í tengslum við stofnum Lýðheilsustöðvar.

Fulltrúar Árvekni eru tilbúnir að ræða þetta mál frekar og svara spurningum sé eftir því leitað.

Virðingarfyllt,  
f. h. stjórnar Árvekni,

  
Ólafur Gísli Jónsson, formaður.

  
Herdís L. Storgaard, framkvæmdastjóri.